

Alþingi
Erindi nr. P 140/732
komudagur 8.12.2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Fjarðarheiðargöng, 127. mál.

Árið 2003 tók p/f Smyril Line í notkunn nýja ferju m/f Norröna sem leysti af hólmi eldri ferju með sama nafni til siglinga á milli meginlands Evrópu, Færeyja og Íslands. Jafnframt var farið að huga að heils árs siglingum til Íslands í stað þess að sigla eingöngu yfir sumartímann. Heils árs siglingar hófust síðan í byrjun árs 2004 og hafa staðið yfir síðan.

Það er kunnara en frá þarf að segja að samgöngur um Fjarðarheiði hafa reynst verulegur dragbítur á starfsemina og oft skapast hættuástand fyrir ferðamenn og þá sem sjá um innanlandsfragt fyrir skipið.

Ekki er einungis það að vegurinn nái um 620 m hæð y.s. þar sem hann er hæstur, heldur er hann í yfir 600 metrum í um 8 km og í yfir 500 m í um 11 km. M.ö.o. vegurinn yfir Fjarðarheiði hefur þá sérstöðu af fjallvegum á Íslandi að vera hvað hæstur fjallvega og jafnframt að liggja í yfir þessari tilgreindu hæð jafn langt og fram kemur hér að ofan.

Það gefur auga leið að þessi farartálmi, Fjarðarheiði er ekki í anda nútíma samgangna eins og almenningur og flutningafyrirtæki þarfnast. Hægt væri að sætta sig við veginn eins og hann er við góðar aðstæður að sumarlagi, en að bjóða vegfarendum upp á samgöngur eins og þær eru að vetrarlagi er algerlega óásættanlegt. ***Við leyfum okkur að vísa í skýrslu á vegum Eurorap varðandi Fjarðarheiði þar sem vegurinn um heiðina fær afleita umsögn.***

Þess má geta að Smyril Line hefur orðið að takmarka fólksflutninga í vetrarsiglingum vegna þeirra vandamála sem fylgja m.a. samgöngum um Fjarðarheiði og hafa verulega hamlandi áhrif á starfsemina. Þá má og geta þess að upptakur í samgönguerfiðleikum um Fjarðarheiði eru gjarnan fréttæfni með neikvæðum formerkjum og þar með slæm auglýsing fyrir aðra af þeim tveimur leiðum til landsins, þar sem haldið er uppi reglubundinni áætlun með fólk og vörur.

Forráðamenn Austfar ehf hafa ítrekað bent Alþingismönnum og öðrum sem að þessum málum koma, á þá hættu sem stafa af vetrarsamgöngum við Seyðisfjörð eins og þær eru nú. Þarf ekki að eyða frekari orðum að því, en að krefjast enn og aftur varanlegra úrbóta með jarðgöngum.


Að lokum leyfum við okkur að láta fylgja með tölur yfir farþegfjölda og bifreiðar sem fluttar hafa verið með p/f Smyril Line síðustu árin.

Farþegar og farartæki með m/f Norröna, til og frá Seyðisfirði árin 2005 - 2011

Ár	Farþegar	Farartæki
2005	25.699	7.696
2006	32.858	9.309
2007	34.412	10.493
2008	32.421	10.656
2009	31.558	10.891
2010	35.083	10.979
2011	28.024	9.044

Seyðisfirði 8. desember 2011.

f.h. Austfar ehf


Jóhann Jónsson

Sendist: í tölvupósti á nefndasvid@althingi.is
Í pósti á Skrifstofu Alþingis,
c/o skjalaskráning á nefndasviði
150 Reykjavík